

**Fundargerð**  
**333. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 16. nóvember 2016, kl 15.00 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. 50 ára afmæli SLFÍ
  - a. Myndataka
  - b. Bókin, verðlagning
  - c. Nýi fáninn
  - d. Ávörpin
  - e. Kaup á rósum, fyrir 7 aðila og afmælisnefndina
4. Kjaramál
  - a. Útgáfa samninga
  - b. Stofnanasamningar í vinnslu
5. Lögfræðialit vegna væntanlegra breytinga á lífeyrisréttindum
  - [Álit Gísla Tryggvasonar](#)
    - Félögin funda 16.11 og fara yfir álitid.

**Önnur mál**

## Dagskrá:

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna og gerði grein fyrir að Sigurlaug tæki þátt í fundinum undir 3. lið.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. 50 ára afmæli SLFÍ

Allur undirbúningur fyrir afmæli félagsins er í góðum farvegi.

- Atvinnuljósmyndarir hefur verið ráðinn til að sjá um myndatöku á ráðstefnunni og á hátíðinni.
- Nokkur eintök af Sögu félagsins eru komin í hús og verða afhent sem viðurkenning til þeirra sem eru með erindi á ráðstefnunni og þeirra sem verða heiðraðir.
  - Ákveðið var að söluverð bókarinnar verði 3.500 krónur.
  - Verið er að skrifa inn í bækurnar viðurkenningartexta.
- Ganga þarf frá uppsetningu á nýja fána félagsins og vera með hann á ráðstefnunni og hátíðinni. Jóhanna Traustadóttir gerði grein fyrir að búið er að útbúa fánastöng og stand fyrir nýja fánann.
- Farið var yfir skipulag ávarpanna og annað skipulag.
- Ákveðið var að Sigurlaug sjái um allt umhald varðandi kaup á rósum. Bækurnar til þeirra sem verða heiðraðir pakkast inn í sellofon og rós fylgir.

### 4. Kjaramál

- GÖG fór yfir að kjarasamningurinn við sveitarfélögin er kominn úr prentun og klár. Aðrir kjarasamningar eru klárir í prentun en beðið er með að prenta þá í þeirri von að inn geti fari nýr stofnanasamningur hjá SFV, nýr röðunarkafli hjá borginni og sjóðsgreiðslurnar frá ríkinu.
- KÁG og GÖG gerðu grein fyrir að unnið væri að því að klára stofnanasamning við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, tvívegis hefur átt að ganga frá samningi, sem samkomulag var orðið um, en ekkert varð úr vegna tortryggni fulltrúa SFV og var fundi frestað um viku a.m.k.  
Unnið er í öðrum stofnanasamningum og fundur hefur verið boðaður í samstarfsnefnd HSU, en illa gegngur að koma inn ákvæði um sértæka launasetningu sjúkraliða í heimahjúkrun, en um þá röðun var sérstaklega bókað í stofnanasamningum HSS, HSA og HSU síðast.  
Búið er að ganga frá stofnanasamningi við LSH fyrir árið 2017 og eru starfslýsingar í vinnslu þar.
- Farið var yfir fund á Mörkinni, sem KÁG og GÖG fóru á þann 14. nóvember. Á fundinum kom fram ákvæðin óánægja varðandi mönnun, álag og niðurskurð. Ákveðið var að gefa þessum breytingum einn mánuð til reynslu og þá verður fundað í Mörkinni aftur.

## **5. Lögfræðiálit vegna væntanlegra breytinga á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna.**

Rætt var um álitadrög frá Gísli Tryggvasyni lögmanni sem hann hefur unnið fyrir þau BSRB félög sem hafa mótmælt breytingum á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Í álitinu eru færð rök fyrir því að lífeyrisréttindi séu hugsanlega stjórnarskrárvarinn eign. GT hefur óskað eftir að löglærðir spekingar o.fl. fari yfir álitinu og geri eftir þörfum athugasemdir. Búið er að senda álitinu á lögfræðinga BSRB og Gísli Guðna Hall lögmann SLFÍ.

Félögin munu funda fimmtudaginn 17. nóv. og fara yfir lokaálitadrögin.

### **Önnur mál**

- GÖG gerði grein fyrir að desemberblað SLFÍ væri í vinnslu og yrði að miklu leyti helgað afmælinu og afmælishátíðinni.

Fundi slitið kl. 16.30